

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 253/2021

2024/EES/17/25

frá 24. september 2021

um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/701 frá 27. apríl 2021 um leiðréttingu á framkvæmdarákvörðun 2011/665/ESB um evrópska skrá yfir viðurkenndar gerðir járnbrautarvagna ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 37dk (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/665/ESB) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32021 D 0701:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/701 frá 27. apríl 2021 (Stjtið. ESB L 145, 28.4.2021, bls. 37).“

2. gr.

Texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2021/701, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 25. september 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 24. september 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Rolf Einar Fife

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 145, 28.4.2021, bls. 37.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.